

Magnús Ólafsson
87/17



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

GREINARGERÐASAFN

KALMANSTJÖRN, KAL-6
Hiti og selta

Magnús Ólafsson
Björn A. Harðarson

Greinargerð, MO-BAH-87/17, Ágúst 1987

KALMANSTJÖRN, KAL-6
Hiti og selta

Magnús Ólafsson
Björn A. Harðarson

Greinargerð, MÓ-BAH-87/17, Ágúst 1987

KALMANSTJÖRN, KAL-6

Hiti og selta

Inngangur

Þann 7. ágúst síðastliðinn var borhola KAL-6 hita- og seltumæld að beiðni Silfurgens h/f. Jafnframt var tekið sýni til heildarefnagreiningar á 90m dýpi. Auk þessa voru tekin sýni á 20m og 40m dýpi til klóríð greininga. Efnagreiningum er ekki lokið, en hér verður gerð grein fyrir hita- og seltumælingum.

Mælingar

Dælingu var hætt í KAL-6 að kvöldi 6. ágúst og dælan tekin upp að morgni þess 7. ágúst. Mælingar og sýnataka fóru síðan fram eftir hádegi sama dag. Vatnsborð var mælt klukkan 15:30 og reyndist þá vera á 10,63m dýpi miðað við flangs á holutoppi.

Holan var fyrst hita- og seltumæld niður á 88m dýpi og eru niðurstöður sýndar á mynd 1. Samkvæmt þeim mælingum er selta holunnar 33 o/oo frá 25m dýpi niður á 88m dýpi. Holan var einnig hitamæld niður í "botn", sem virtist vera á 157m dýpi, en ekki voru þó tæk á að kanna það til hlýtar. Hitamælingin er sýnd á mynd 2 og sést þar að neðan við raufun á 80m dýpi er hiti í holunni nálægt 11,5°C.

Niðurstöður þeirra efnagreininga sem lokið er eru sýndar í töflu 1.


Tafla 1. Efnasamsetning sjávar (mg/kg).

Dýpi	25m	40m	90m
Cl	17387	18988	19132
SO ₄	2446	2631	2641
Fe			<0,025
Mn			<0,05
pH/°C			7,74/23
H ₂ S			<0,02
Selta (o/oo)	31,4	34,3	34,5

Reiknuð selta út frá klóríð innihaldi er örlítið hærri en sú mæld, sem nemur 1-1,5 o/oo, en það telst þó góð samsvörun. Full-saltur sjór er um 35 o/oo og klóríð-styrkur hans er um 19400 mg/kg.

Niðurstöður heildarefnagreiningar á sýninu af 90m dýpi verða sendar síðar.

KAL-06



KAL-06 HITAMÆLING

